

Upplýsingaöryggisstefna Veritas

Veritas Capital ehf. er móðurfélag fyrirtækja í lyfja- og heilbrigðisgeiranum. Félagið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

Veritas fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu sem tekur mið af *ISO/IEC 27002 starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis*.

Tilgangur

Upplýsingaöryggisstefnan styður við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarkar þannig rekstrarhættu og hámarkar öryggi verðmæta í eigu og umsjón fyrirtækisins.

Markmið

Markmið upplýsingaöryggisstefnu Veritas er að stuðla að auknu öryggi upplýsingaverðmæta með skilvirkum hætti þannig að þau nýtist sem best í rekstri félagsins. Markmiðið er að tryggja leynd, réttleika og öryggi gagna og hámarka tiltækileika að mikilvægustu upplýsinverðmætum fyrirtækisins.

Umfang.

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis nær til starfsmanna, starfsstöðva, þjónustu og upplýsingaverðmæta sem Veritas á og hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

Framkvæmd og ábyrgð

1. Veritas mun fylgja lögum og reglum er varða stjórnun upplýsingaöryggis og viðhalda vottun samkvæmt kröfum ISO/IEC 27001.
2. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi. Stjórnunarkerfið hluti af gæðakerfi Veritas.
3. Veritas framkvæmir reglulega áhættugreiningu til þess að ákveða hvaða aðgerða sé þörf til að vernda upplýsingaöryggi.
4. Árlega eru sett mælanleg markmið til að fylgjast með virkni stjórnunarkerfisins og gripið til viðeigandi ráðstafana sé þess þörf.
5. Veritas stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
6. Upplýsingaöryggisstefna Veritas er bindandi fyrir alla starfsmenn og alla sem veita félaginu þjónustu. Þannig eru allir starfsmenn og þjónustuaðilar Veritas skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
7. Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Veritas, viðskiptamanna þess eða annarra starfsmanna.
8. Veritas stuðlar að því að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.

Endurskoðun

Veritas endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Garðabæ 17.mars 2016.

F.h. Veritas Capital ehf.



Hrunn Rudolfsdóttir, Forstjóri

